

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um dreifikerfi Ríkisútvarpsins ohf.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Er til áætlun um frekari uppbyggingu FM-dreifikerfis Ríkisútvarpsins á þeim svæðum þar sem sendingar nást illa, t.d. á Vestfjörðum?
2. Er til áætlun um að fjölga sendum með svonefndum RDS-merkjasendingum sem gera mögulega sjálfvirka skiptingu milli tíðna? Ef svo er, hvenær er áætlað að þeir sendar sem ná til þjóðvega verði fullbúnir?
3. Hver er stefna Ríkisútvarpsins varðandi hljóðvarp í jarðgöngum?
4. Eru til markmið um gæðastefnu Ríkisútvarpsins í dreifikerfinu?
5. Fara fram reglulegar mælingar og gæðaprófanir á dreifikerfinu? Ef svo er, hvar eru niðurstöður slíkra mælinga birtar?
6. Hvaða ákvæði í þjónustusamningi skv. 3. gr. laga nr. 6/2007 eiga við um dreifikerfið og hvernig teljast þau hafa verið uppfyllt?
7. Hefur Ríkisútvarpið leitað eftir leyfi og aðstöðu til að reka útvarps- og sjónvarpssenda í ratsjárstöðvunum á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli í því skyni að ná til næstu miða og uppfylla þar með ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 6/2007?
8. Hefur Ríkisútvarpið ohf. gert áætlun um endurnýjun dreifikerfis sjónvarps, sem fyrirséð er að verði úrelt á næstu árum, og ef svo er, hvað felur hún í sér og hefur verið mörkuð stefna í samskiptaáætlun innanríkisráðuneytis hvað það varðar?

Skriflegt svar óskast.